



Fjölbautaskóli Suðurlands

Grunnteikning GRTE2FB05

Kennsluáætlun haust 2017

Kennari/ar: Svanur Ingvarsson

Skammstöfun: SI

Markmið:

Að loknu námi í þessum áfanga skal nemandi:

Geta skipt línum og hornum með bogaskurði og teiknað ýmsar gerðir af flatarmyndum.

Geta teiknað fallmyndir hluta frá ýmsum sjónarhornum og yfirborð þeirra útflatt, þ.e.

teiknað alla fleti og kanta í réttri stærð á einn flót. Geta stækkað með ýmsum aðferðum og rissað upp ýmsar gerðir flatarmynda.

Námsefni:

1. GRUNNTEIKNING II, (Mappa með teikniverkefnum og skýringum)

2. Teikniáhöld sem hér segir:

T - reglustríka, 40 sm

Teiknihorn, 45°

Sirkill

Teikniskriftarhorn og línuveiðari

Gráðubogi

Blyantar eða blýpennar 0,5mm, 2H og 4H

KENNSLUAÐFERÐIR

Í byrjun fer hópurinn sameiginlega af stað, á meðan farið er yfir helstu kynningar. Eftir það er um einstaklingskennslu að ræða, sem fer eftir þörfum og vinnuhraða hvers nemanda.

ÁÆTLUÐ YFIRFERÐ

Með því að fylgja eftirfarandi áætlun á að vera hægt að koma af í kennslustundunum öllum verkefnunum - frá viku til viku - og losna þar með við heimavinnu ! Merkið með

krossi í dálkinn lengst til hægri, þegar viðkomandi verkefnum er lokið! Að því loknu kvittar kennari í viðkomandi reit neðst á teikningunni.

Áður en byrjað er á verkefnunum og jafnhliða því sem þau eru unnin, er áríðandi að kynna sér skýringarnar sem eru á undan verkefnunum

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Víkur	Verkefnin eftir	X
	● FLATARTEIKNING – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
2. vika	- Verkefni 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7	
3. vika	- Verkefni 8, 9, 10, 11, 12, 13	
4. vika	- Verkefni 14, 15, 16, 17, 18, 19	
	● RÚMTEIKNING – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
5. vika	- Verkefni 1, 2, 3, 4, 5	
6. vika	- Verkefni 6, 7, 8, 9, 10,	
7. vika	- Verkefni 12, 13, 14, 15, 16	
8. vika	- Verkefni 17, 18, 19, 20, 21	
9. vika	- Verkefni 22, 23, 24, 25	
10. vika	- Verkefni 26, 27, 29, 30	
11. vika	- Verkefni	
	● FRÍHENDISTEIKNING II – Lestu skýringarnar sem eru á undan verkefnunum!	
11. vika	- Verkefni 1, 2, 4, 5, 6, 7, 8, 9	
12. vika	- Verkefni 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16	
13. vika	- Verkefni 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23	
14. vika	- Verkefni 24, 25, 26, 27, 28, 29, 30	
15. vika	- Verkefni 31, 32, 33, 34, 35, 36, 39	
16. vika	- Frágangur og etv skoðuð gömul próf	

Ef nemendur hafa ekki í vikulokin náð að vinna þau verkefni er áætlunin greinir, skal það sem á vantar unnið jafnóðum sem heimaverkefni.

ATH ! MIKIL ÁHERSLA ER LÖGD Á SNYRTILEGAN FRÁGANG OG EIGA ÖLL VERKEFNIN AÐ VERA MERKT MEÐ TEIKNISKRIFT OG UNDIRRITUÐ AF EIGANDA SÍNUM - MEÐ PENNA !

Til að standast áfangann þarf nemandi:

Að ljúka öllum tilskyldum verkefnum áfangans og kennari hafa samþykkt þau.

(Ath að með dugnaði og vandvirkni getur nemandi lokið áfanganum fyrr á önninni en áætlun sýnir)

Námsmat:

Verkefni (mappa) 40% , próf 60%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.